



**Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar**

*Skýrsla til borgarstjórnar  
Apríl 2017*

## EFNISYFIRLIT

|       |                                                          |    |
|-------|----------------------------------------------------------|----|
| 1.    | Inngangur .....                                          | 2  |
| 2.    | Samandregin efnisumfjöllun .....                         | 3  |
| 3.    | Viðfangsefni nefndarinnar á starfsárinu .....            | 5  |
| 3.1.  | Almennt um störf nefndarinnar .....                      | 5  |
| 3.2.  | Innra eftirlit, áhættustýring og innri endurskoðun ..... | 6  |
| 3.2.1 | Innra eftirlit .....                                     | 6  |
| 3.2.2 | Áhættustýring .....                                      | 7  |
| 3.2.3 | Innri endurskoðun .....                                  | 8  |
| 3.3.  | Ytri endurskoðun .....                                   | 11 |
| 3.3.1 | Eftirlit með ytri endurskoðun .....                      | 11 |
| 3.3.2 | Ábendingar, athugasemdir ytri endurskoðenda .....        | 11 |
| 3.3.3 | Um óhæði ytri endurskoðenda .....                        | 12 |
| 4.    | Um ársreikning Reykjavíkurborgar 2016 .....              | 14 |
| 4.1.  | Vinnuferli við gerð reikningsskila .....                 | 14 |
| 4.2.  | Umsögn um ársreikning .....                              | 14 |
| 5.    | Viðhorfskönnun .....                                     | 15 |
| 6.    | Önnur mál .....                                          | 16 |
| 6.1.  | Útboð endurskoðunarþjónustu .....                        | 16 |
| 6.2.  | Stjórnarháttayfirlýsing .....                            | 16 |
| 7.    | Niðurlag .....                                           | 17 |

## 1. INNGANGUR

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar fer með hlutverk borgarráðs er varðar eftirlit með innra eftirliti, innri endurskoðun og áhættustýringu. Í því felst eftirlit með greiningu og mati á áhættuþáttum og athugun á fyrirkomulagi og virkni eftirlitsaðgerða sem eru hluti þess innra eftirlits sem stjórn ber að koma á fót og viðhalda. Samskipti endurskoðunarnefndar og Innri endurskoðunar er tvíþætt. Annars vegar hefur nefndin eftirlit með þeim þáttum innri endurskoðunar sem lúta að innra eftirliti og áhættustýringu og hins vegar getur nefndin falið Innri endurskoðun til skoðunar tiltekin verkefni sem eru á verksviði nefndarinnar.

Endurskoðunarnefndin hefur þrjú meginviðfangsefni samkvæmt samþykkt nefndarinnar er staðfest var í borgarstjórn 10. júlí 2014 og byggist á IX. kafla laga nr. 3 um ársreikninga og leiðbeiningum Viðskiptaráðs, Kauphallar og Samtaka atvinnulífsins. Þessi þrjú viðfangsefni eru fólgin í eftirliti með:

- vinnuferli við gerð reikningsskila.
- fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu.
- störfum ytri endurskoðenda.

Í samþykkt nefndarinnar er gert ráð fyrir að nefndin gegni samsvarandi hlutverki gagnvart þeim einingum sem teljast falla innan samstæðu Reykjavíkurborgar samkvæmt 61. gr. sveitarstjórnarlaga.

Auk þess ber nefndinni að fara yfir fjárhagslegar upplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum.

Skýrsla þessi er sett fram í samræmi við 4. gr. í samþykkt nefndarinnar og varðar eingöngu störf nefndarinnar fyrir borgarstjórn. Sérstakri skýrslu var skilað til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur og umsögn um störf nefndarinnar var skilað til hvernar stjórnar viðkomandi eininga innan samstæðunnar.

Hér á eftir verður fjallað nánar um störf nefndarinnar að einstökum verkefnum og önnur atriði sem nefndin telur rétt að nefna, ásamt ábendingum sem hún vill koma á framfæri við borgarráð/borgarstjórn.

## 2. SAMANDREGIN EFNISUMFJÖLLUN

Í meginefni skýrslunnar er gerð grein fyrir helstu viðfangsefnum endurskoðunarnefndar á liðnu starfsári en í þessari samandregnu umfjöllun eru mikilvægir þættir sem nefndin vill vekja athygli á.

Eins og fram kemur í kafla 3.3.1 hefur mikið áunnist í því að fella innra eftirlit A-hluta og einstakra eininga innan samstæðunnar að alþjóðlega viðurkenndum ramma um innra eftirlit. Áfram er unnið að úttekt á stöðu innra eftirlits og gert er ráð fyrir að því ljúki á þessu ári. Tilgangurinn er að skilgreina og koma í veg fyrir atvik þar sem veruleg hættu er á fjárhagslegu tjóni eða röskun á markaðri stefnu stjórnar.

Vakin er athygli á mikilvægi áhættustýringar í kafla 3.3.2 og bent á nauðsyn þess að hugað sé kerfisbundið að þeim áhættuþáttum sem gætu haft áhrif á hvort þau markmið sem sett eru í upphafi eða innan kjörtímabils ná fram að ganga.

Gerð er í stuttu máli grein fyrir samskiptum nefndarinnar við innri endurskoðun í kafla 3.2.3. Þar er að finna yfirlit sem sýnir hvernig skipta megi þeim sem koma að virku og vel skipulögðu innra eftirliti í hópa sem mynda þrjár varnarlínur innra eftirlits. Sérstaklega er þar vikið að hlutverki endurskoðunarnefndar, samskiptum nefndarinnar við innri endurskoðendur og getið um verklag nefndarinnar um upplýsingagjöf innri endurskoðenda til endurskoðunarnefndar og stjórnar.

Fjallað er um helstu atriði í samskiptum endurskoðunarnefndar við ytri endurskoðendur samstæðu borgarinnar í kafla 3.3 í skýrslunni. Ástæða er til að vekja athygli á því sem fram kemur í umfjöllun um ábendingar og athugasemdir ytri endurskoðenda í kafla 3.3.2. Eins og þar kemur fram telur endurskoðunarnefndin mikilvægt að borgarráð og stjórnir eininga innan samstæðunnar bregðist tímanlega við ábendingum og athugasemdum sem ytri endurskoðendur setja fram. Nefndin hefur sérstöku hlutverki að gegna varðandi óhæði endurskoðenda eins og getið er um í kafla 3.3.3 og með hliðsjón af mikilvægi þess hefur nefndin samþykkt sérstakt minnisblað um óhæði endurskoðenda sem kynnt verður stjórnendum og stjórnnum fyrirtækja innan samstæðu borgarinnar.

Í stuttri umfjöllun um ársreikning Reykjavíkurborgar 2016 er í kafla 4.2. vakin athygli á reiknuðum liðum í reikningsskilum Orkuveitunnar annars vegar og Félagsbústaða hins vegar sem hafa veruleg áhrif á niðurstöðu reikningsskila samstæðu Reykjavíkurborgar. Í kafla 4.1 er getið um stöðu mála varðandi úttekt á vinnuferli við gerð reikningsskila sem endurskoðunarnefndin fól Innri endurskoðun borgarinnar að



framkvæma. Nefndin vekur þar sérstaklega athygli á því að þrátt fyrir að brugðist hafi verið við ýmsum framkomnum ábendingum er úrvinnsla þeirra enn ekki lokið.

Í lok hvers starfsárs hefur nefndin staðið fyrir viðhorfskönnun með spurningum sem lagðar eru fyrir hagsmunaaðila, þ.e. borgarstjórn og æðstu embættismenn borgarinnar. Eins og sjá má af niðurstöðu þessarar könnunar, og nánar er getið um í kafla 5, lét 73% svarenda í ljós ánægju með störf nefndarinnar en jafnframt gefa niðurstöðurnar til kynna að nefndin þurfi að gæta að upplýsingagjöf og framsetningu efnis sem hún lætur frá sér.

Í lok skýrslunnar er vikið að væntanlegu útboði endurskoðunarpjónustu og vakin athygli á að tilefni er til að skoða hvort fylgt sé ákvæðum laga um stjórnarháttayfirlýsingu í ársreikningi Reykjavíkurborgar.

Að lokum vill endurskoðunarnefndin koma eftirfarandi ábendingum á framfæri við borgarráð og borgarstjórn:

1. Áhættustýring (kafla 3.2.2)

Ítrekuð er enn á ný ábending til borgarráðs um að áhersla verði lögð á að flýta vinnu við mótun umgjarðar um áhættustýringu innan borgarkerfisins og gert verði átak í að fylgja henni eftir.

2. Innri endurskoðun (kafla 3.2.3)

Nefndin telur rétt að við fjárhagsáætlun 2018 verði tekið tillit til umsagnar endurskoðunarnefndar um úttekt á mannaflapörf Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar til þess að gera henni betur kleift að sinna mikilvægu hlutverki sínu.

3. Ytri endurskoðun (kafla 3.3.2)

Nefndin leggur áherslu á að borgarráð beini þeim tilmælum við viðkomandi stjórnenda innan borgarkerfisins að brugðist sé eins fljótt og kostur er við þeim ábendingum sem fram koma frá ytri sem innri endurskoðendum.

4. Reikningsskil (kafla 4.1)

Nefndin fer þess á leit að borgarráð beini þeim tilmælum til fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar að lokið verði við að bregðast við ábendingum Innri endurskoðunar um uppgjörsferli A-hluta Reykjavíkurborgar.

5. Stjórnarháttayfirlýsing (kafla 6.2)

Nefndin fer þess á leit að borgarráð beini þeim tilmælum til fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar að skoða hvort fylgt sé ákvæðum laga um stjórnarháttayfirlýsingu í ársreikningi Reykjavíkurborgar.

### 3. VIÐFANGSEFNI NEFNDARINNAR Á STARFSÁRINU

#### 3.1. ALMENNT UM STÖRF NEFNDARINNAR

Nefndin hefur sett sér starfsreglur<sup>1</sup> til þess að ná fram þeim markmiðum sem felast í samþykkt hennar. Starfsreglurnar eru yfirfarnar árlega og uppfærðar ef þörf krefur. Reglurnar voru síðast uppfærðar 22. nóvember 2016 og afhentar formanni borgarráðs og formönnum stjórnna B-hluta félaganna.

Á liðnu starfsári gerði endurskoðunarnefndin reglulega grein fyrir störfum sínum á mánaðarlegum fundum með formanni borgarráðs, auk þess sem nefndin kynnti störf sín á sérstökum fundum með borgarráði. Jafnframt hefur nefndin átt samskipti við stjórnir allra B-hluta félaganna varðandi innri endurskoðun og gefið umsögn um reikningsskil þeirra.

#### ***Yfirlit um verkefni nefndarinnar***

Nefndin hélt 16 fundi á starfsárinu, auk ýmissa funda með innri og ytri endurskoðendum og stjórnnum og stjórnendum félaga innan samstæðu borgarinnar. Helstu verkefni nefndarinnar greinast þannig:

| Starfsárið 2016-2017              | Erindi til umfjöllunar | Þar af umfjöllun um ársreikninga |
|-----------------------------------|------------------------|----------------------------------|
| <b>A hluti &amp; samstæða</b>     | <b>13</b>              | <b>6</b>                         |
| <b>B hluti &amp; byggðasamlög</b> |                        |                                  |
| <i>Orkuveitan</i>                 | 29                     | 5                                |
| <i>Félagsbústaðir</i>             | 6                      | 5                                |
| <i>Faxaflóahafnir</i>             | 3                      | 1                                |
| <i>Malbikunarstöðin Höfði</i>     | 1                      | 1                                |
| <i>SHS</i>                        | 3                      | 1                                |
| <i>Sorpa bs.</i>                  | 5                      | 2                                |
| <i>Strætó bs.</i>                 | 9                      | 2                                |
| KPMG                              | 13                     | 6                                |
| <b>Önnur verkefni</b>             | <b>23</b>              |                                  |

<sup>1</sup> Vefslóð: [http://reykjavik.is/sites/default/files/starfsreglur\\_endurskodunarnefndar\\_uppfaerdar.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/starfsreglur_endurskodunarnefndar_uppfaerdar.pdf)

Fjöldmörg erindi hafa verið til umfjöllunar hjá nefndinni á starfsárinu og flest eru þau á sviði innra eftirlits og innri og ytri endurskoðunar. Umfang þessara verkefna var breytilegt en sum þeirra kölluðu á talsverða undirbúningsvinnu nefndarmanna og aðstoð frá Innri endurskoðun borgarinnar. Auk þeirra verkefna sem voru til sameiginlegrar umfjöllunar hjá nefndinni voru ýmis verkefni unnin af nefndarmönnum utan funda.


### 3.2. INNRA EFTIRLIT, ÁHÆTTUSTÝRING OG INNRI ENDURSKOÐUN

Innra eftirlit, áhættustýring og innri endurskoðun eru samtvinnaðir þættir sem leiðir til þess að vanti einn þátt eða séu á honum verulegir annmarkar kemur það niður á hinum þáttunum, jafnvel svo að veruleg hættu er á að markmið þeirra náist ekki. Nefndin hefur því í störfum sínum miðað að því að gæta að mikilvægi allra þessara þátta í senn.

#### 3.2.1 INNRA EFTIRLIT

Innra eftirlit er til staðar í ólíku formi innan allra eininga í samstæðu Reykjavíkurborgar. Þess sér þó víða stað að ekki hafi verið nægilega gætt að því að innra eftirlit sé áhættumetið, formgert og skjalfest. Skilgreina þarf innra eftirlit með samræmdum, viðurkenndum hætti og hefur nefndin þess vegna í störfum sínum lagt áherslu á að innra eftirlit falli að alþjóðlega viðurkenndum ramma um innra eftirlit (COSO – Internal Control Framework).

Þessi rammi hefur verið kynntur borgarráði og stjórnnum allra fyrirtækja innan samstæðu borgarinnar en samkvæmt honum er innra eftirlit greint í fimm meginþætti sem eru innbyrðis tengdir og endurspegla mikilvægan hluta í stjórnarháttum fyrirtækja. Markmiðið er að skilgreina og koma í veg fyrir atvik þar sem veruleg hættu er á fjárhagslegu tjóni eða röskun á markaðri stefnu stjórnar.



Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar og innri endurskoðendur tveggja byggðasamlaga hafa að beiðni endurskoðunarnefndar gert úttekt á stöðu innra eftirlits með hliðsjón af COSO rammanum hjá A-hluta og einstökum fyrirtækjum innan samstæðunnar. Slík úttekt hófst síðla árs 2015 og hefur verið gerð hjá A-hluta og fjórum af sjö fyrirtækjum í B-hluta samstæðunnar. Stefnt er að því að þessi úttekt hafi verið gerð fyrir alla samstæðuna á þessu ári. Niðurstöður eru kynntar endurskoðunarnefnd og viðkomandi stjórnunum eftir því sem við á. Endurskoðunarnefndin fylgir eftir að brugðist sé við framkomnum ábendingum og/eða athugasemdum og hefur um það samstarf við innri endurskoðendur og Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar.


### 3.2.2 ÁHÆTTUSTÝRING

Gera má ráð fyrir að mikilvægi áhættustýringar í opinberum rekstri sé ekki síðra og jafnvel mun mikilvægara en í einkarekstri. Þar eru hagaðilarnir bæði fleiri og dreifðari og kröfur þeirra og væntingar til stjórna og stjórnenda að verulegu leyti ólíkar því sem gerist í einkarekstri. Endurskoðunarnefndin hefur í fyrri skýrslum sínum vakið athygli á mikilvægi áhættustýringar fyrir starfsemi Reykjavíkurborgar í heild sinni þar sem hugað er kerfisbundið að þeim áhættuþáttum sem gætu haft áhrif á hvort markmið sem sett eru í upphafi eða innan kjörtímabils ná fram að ganga.

Starfandi er áhættustýringarhópur borgarráðs sem settur var á fót til að fylgjast með og miðla til borgarstjóra og borgarráðs upplýsingum og tillögum á grundvelli áhættugreininga. Hlutverk þessa hóps er að veita aukna innsýn í helstu fjárhagslegu áhættuþætti rekstrar og fjármögnunar til skemmri og lengri tíma. Meðal hlutverka áhættustýringarhópsins var að undirbúa tillögu að áhættustefnu A-hluta borgarsjóðs og hefur endurskoðunarnefndin ítrekað bent á nauðsyn þess að flýta vinnu við mótun umgjarðar um áhættustýringu innan borgarkerfisins.

Sú úttekt á innra eftirliti sem áður er vikið að hefur vakið athygli stjórnenda á því að áhættustýring er lykilþáttur í skipulagningu verkferla á hvaða sviði sem er. Stjórnendum og starfsmönnum sem komið hafa að úttektinni er ljósara nú en áður að án áhættugreiningar og áhættumats er veruleg hættu á að ekki sé brugðist tímanlega við atvikum sem gætu valdið skaða.

Mótun umgjarðar um áhættustýringu er sjálfstætt verkefni á ábyrgð yfirstjórnar og borgarráðs. Í því felst að móta kerfisbundna nálgun á áhættustýringu hjá borginni. Það er t.a.m. á ábyrgð stjórnar að setja fram áhættustefnu, áhættuflokka og viðmið um





áhættuvilja. Verkefnið kallar á mikinn stuðning og þátttöku stjórnar og æðstu embættismanna borgarinnar, en þessir aðilar þurfa að taka þátt í að móta og samþykkja skipulag áhættustýringar. Taka þarf mið af því stjórnkerfi sem er fyrir hendi, skilgreina ábyrgðarsvið lykilaðila í ferlinu og jafnframt að meta hvort þörf sé fyrir ný hlutverk eða stjórnendur.

Tilgangurinn er að tryggja að upplýsingar um áhættu sem áhættumat leiðir í ljós komist ávallt í hendur viðeigandi aðila og séu settar fram með þeim hætti að þær nýtist til ákvarðanatöku. Áhættumat er nú þegar unnið víðs vegar í kerfinu en framsetning niðurstaðna er með ýmsum hætti og upplýsingum um niðurstöður er ekki markvisst beint í skilgreindan farveg.


Við mótun umgjörðar er mikilvægt að skoða möguleika á samþættingu við aðra ferla í borgarkerfinu og kanna hvaða aðferðir og tæknilausnir eru fyrir hendi sem ætti að nýta við uppbyggingu áhættustýringar fyrir borgina í heild. Móta þarf sameiginlega vinnuferla þvert á borgina og kynna aðferðafræði og hugtakanotkun sem tengist þessari vinnu.

Vakin er athygli á því sem fram kemur í kafla 6.2. að gera þarf grein fyrir áhættustýringarkerfi Reykjavíkurborgar í stjórnarháttayfirlýsingu í ársreikningi Reykjavíkurborgar sbr. 66. gr. c. laga um ársreikninga nr. 3/2006.

### 3.2.3 INNRI ENDURSKOÐUN

Innri endurskoðun er veigamikill þáttur í starfsemi Reykjavíkurborgar. Án hennar myndi óhjákvæmilega ríkja óvissa hjá borgarráði og stjórnnum og stjórnendum A-hluta og eininga innan samstæðunnar um fyrirkomulag og virkni innra eftirlits sem þessir aðilar bera ábyrgð á samkvæmt lögum. Alþjóðasamtök innri endurskoðenda (IIA) skilgreina þá aðila sem koma að innra eftirliti í þrjá hópa sem mynda þrjár varnarlínur innra eftirlits.

Innri endurskoðun myndar þriðju varnarlínuna og hefur skýr tengsl við endurskoðunarnefnd og stjórn um það hvort fyrirkomulag og virkni innra eftirlits sé „til þess fallið að veita vissu um að sveitarfélagið nái árangri og skilvirkni



## Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar

í starfseminni í samræmi við markmið sveitarfélagsins“. (Um stjórnarhætti. Ársreikningur Reykjavíkurborgar 2016)

Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar hefur um árábil sinnt innri endurskoðun A-hluta borgarsjóðs og annast verkefni á sviði innri endurskoðunar hjá öðrum einingum innan samstæðunnar. Nú hafa stjórnir allra B-hluta félaga utan Íþrótt- og sýningahallarinnar gengið frá formlegum samningi um innri endurskoðun við Innri endurskoðun borgarinnar eða sjálfstætt starfandi endurskoðunarfyrtæki.

Eitt af hlutverkum endurskoðunarnefndar er að hafa eftirlit með störfum innri endurskoðenda og hefur nefndin lagt mikla áherslu á gott samstarf við Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar og innri endurskoðendur þeirra byggðasamlaga sem annast innri endurskoðun samkvæmt sérstökum samningi. Nefndin fer yfir og samþykkir innri endurskoðunaráætlanir og fær kynningu á framvindu verkefnanna. Umsögn nefndarinnar fylgir niðurstöðum sem lagðar eru fyrir stjórn.

Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar lagði innri endurskoðunaráætlun fyrir endurskoðunarnefnd þar sem ráðgerðar eru 46 úttektir frá hausti 2014 til loka árs 2017. Þrjátíu úttektum er lokið eða að ljúka og þá hefur skrifstofan sinnt þrettán ófyrirséðum úttektum, ýmist að beiðni borgarráðs, endurskoðunarnefndar, eða að eigin frumkvæði. Frá samþykkt áætlunarinnar hefur Innri endurskoðun framkvæmt úttektir að beiðni endurskoðunarnefndar á uppgjörsferli A hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar, Orkuveitu Reykjavíkur og Félagsbústaða, samþykktarferli reikninga og lotun gjalda hjá A hluta og afstemmingum undirkerfa Agresso. Yfirlit yfir helstu skýrslur og/eða greinargerðir Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar sem endurskoðunarnefnd hefur fjallað um eða mun fjalla um er að finna í töflunni hér að neðan:

| Skýrslur / greinargerðir                                                               | Verkefni í vinnslu                                                                                                                    |
|----------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Orkuveita Reykjavíkur, Reikningshald. Áhættumat og kortlagning á uppgjörsferlinu.      | Skrifstofa þjónustu og rekstrar, upplýsingatæknideild. Heildarúttekt á stöðu og fyrirkomulagi upplýsingatæknimála innan A hluta       |
| Fjármálaskrifstofa, uppgjörsdeild. Uppgjörsferli A hluta - innra eftirlit.             | Fjármálaskrifstofa og Skrifstofa þjónustu og rekstrar. Eftirfylgni með ábendingum í skýrslu IE frá 2014 um stjórnun rekstrarsamfellu. |
| Fjármálaskrifstofa, uppgjörsdeild. Eftirfylgni áhættumats uppgjörsdeildar.             | Íþrótt- og tómstundasvið. Æfingastyrkir til íþróttafélaga.                                                                            |
| Mat á eftirlitsumhverfi Reykjavíkurborgar maí 2015 samkvæmt leiðbeiningum COSO         | Eignaskráning - þvert á starfsemi. Eftirfylgni með úttekt IE frá febrúar 2013.                                                        |
| Regluvörður. Eftirfylgniskoðun.                                                        | Félagsbústaðir. Eftirfylgni með úttekt á rekstri stjórnarháttum og hlutverki Félagsbústaða                                            |
| Bílastæðasjóður. Skoðun á innra eftirliti og verkferlum á skrifstofu framkvæmdastjóra. | Faxaflóahafnir sf. Heildarmat á innra eftirliti út frá leiðbeiningum COSO                                                             |

| Skýrslur / greinargerðir                                                                                                | Verkefni í vinnslu                                                                       |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------|
| Aðgangsstýringar að tölvukerfum - þvert á starfsemi.                                                                    | Íþróttta- og tómstundasvið.<br>Meðferð sjóða, afstemmingar og eftirlit.                  |
| Fjármálaskrifstofa, bókhaldsdeild. Fylgni við reglur um notkun innkaupakorta og fyrirkomulag og virkni innra eftirlits. | Afskriftir viðskiptakrafna – þvert á starfsemi<br>Skoðun á innra eftirliti og verkferlum |
| Fjármálaskrifstofa, bókhaldsdeild. Samþykktarferli reikninga - lotun gjalda.                                            |                                                                                          |
| Félagsbústaðir, Fjármáladeild. Áhættumat og kortlagning á uppgjörsferlinu.                                              |                                                                                          |
| Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins. Heildarúttekt á innra eftirliti SHS á grunni COSO.                                     |                                                                                          |
| Fjármálaskrifstofa og þvert á svið. Afstemmingar undirkerfa Agresso.                                                    |                                                                                          |
| Orkuveita Reykjavíkur sef., innri endurskoðun. Gæðaúttekt á innri endurskoðunardeild.                                   |                                                                                          |
| Mat á eftirlitsumhverfi Reykjavíkurborgar, apríl 2017 samkvæmt leiðbeiningum COSO.                                      |                                                                                          |

Endurskoðunarnefndin fylgist með viðbrögðum við athugasemdum og ábendingum innri endurskoðenda og gerir stjórn viðvart ef nauðsyn er á sérstökum viðbrögðum stjórnar. Nefndin hefur fjallað um og samþykkt sérstakt verklag um upplýsingagjöf innri endurskoðenda til endurskoðunarnefndar og stjórnar sem ætlað er að gera þessi samskipti markvissari.

Innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar lagði fram skýrslu um mat á eftirlitsumhverfi Reykjavíkurborgar 2017. Endurskoðunarnefnd tekur undir það mat sem þar kemur fram og hvetur til þess að borgarráð og stjórnendur taki til úrvinnslu þau álitaefni sem þar eru ávörpuð.

Innri endurskoðun hefur mikilvægu hlutverki að gegna sem þriðji þáttur í varnarlinu innra eftirlits eins og hér hefur komið fram. Endurskoðunarnefndin hefur átt mjög góð samskipti við Innri endurskoðun borgarinnar og vill að fram komi það álit nefndarinnar að mjög faglega er unnið að þeim verkefnum sem nefndin hefur haft til umfjöllunar. Það er á hinn bóginn visst áhyggjuefni að umsvifum Innri endurskoðunar eru takmörk sett vegna skorts á mannafla. Vísar nefndin í því tilliti til umsagnar sinnar um nauðsynlegt umfang Innri endurskoðunar dags. 18. mars 2015.

### 3.3. YTRI ENDURSKOÐUN

Ytri endurskoðendur sveitarfélags skulu endurskoða ársreikning í samræmi við lög um endurskoðendur, lög um ársreikninga og alþjóðlega endurskoðunarstaðla eins og kveðið er á um í 72. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Sama gildir um endurskoðun B-hluta félaga og byggðasamlaga.

#### 3.3.1 EFTIRLIT MEÐ YTRI ENDURSKOÐUN

Nefndin hefur haldið nokkra fundi með ytri endurskoðendum A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar, KPMG ehf., frá haustmánuðum fram til loka aprílmánaðar.

Ytri endurskoðendur kynntu áætlun sína um endurskoðun ársreiknings 2016 fyrir A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar og einstakar einingar innan samstæðunnar á fundi með endurskoðunarnefnd þann 17. október 2016. Á fundinum var farið yfir mikilvæga áhættuþætti að mati endurskoðenda og þær endurskoðunaraðgerðir sem áformaðar voru. Nefndin fékk staðfestingu á óhæði endurskoðenda og samþykkti endurskoðunaráætlunina eins og hún var lögð fram.

Vikið er að samskiptum endurskoðunarnefndar við ytri endurskoðendur hvers B-hluta félags í bréfi sem nefndin lagði fram á fundi stjórnar félaganna þar sem fjallað var um ársreikning hvers félags.

Á fundi endurskoðunarnefndar með ytri endurskoðendum þann 20. febrúar sl. var farið yfir endurskoðun vegna ársins 2016. Rætt var um einstakar endurskoðunaraðgerðir sem kynntar höfðu verið í endurskoðunaráætlun og óskað eftir upplýsingum um hvort einhver álitamál eða verulegar athugasemdir hefðu komið fram við endurskoðunina. Svo reyndist ekki vera. Á fundinum kom fram að veruleg breyting verður á áritun endurskoðenda á ársreikning 2016 í kjölfar breytinga sem orðið hafa á alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum sem varða einingar tengdar almannahagsmunum. Framsetning á áliti endurskoðenda er óbreytt en nú þarf að gera grein fyrir þeim þáttum endurskoðunar sem endurskoðandinn metur sem lykilþætti og hvernig staðið var að endurskoðun þeirra.

#### 3.3.2 ÁBENDINGAR, ATHUGASEMDIR YTRI ENDURSKOÐENDA

Ytri endurskoðendur hafa komið ábendingum á framfæri við stjórnir og stjórnendur innan B-hluta samstæðu Reykjavíkurborgar í gegnum endurskoðunarskýrslur og í ákveðnum tilvikum í sérstökum skýrslum til stjórnenda. Endurskoðunarnefnd skoðaði sérstaklega á árinu 2016

hvernig viðbrögð stjórnenda hafa verið við ábendingum ytri endurskoðenda og almennt má segja að brugðist hafi verið ágætlega við því sem þar kemur fram.

Í framhaldi af endurskoðun ársreiknings 2015 fyrir A-hluta settu ytri endurskoðendur fram sérstaka skýrslu til borgarstjóra, dags. 1. apríl 2016, um niðurstöðu skoðunar á innra eftirliti og fjárhagskerfi 2015. Niðurstöður ytri endurskoðenda um stöðu innra eftirlits enduróma að miklu leyti fyrri niðurstöður og ábendingar sem komið hafa frá Innri endurskoðun, enda byggja ytri endurskoðendur á vinnu Innri endurskoðunar. Í skýrslunni voru settar fram 26 ábendingar varðandi veikleika í innra eftirliti og voru þær flokkaðar í þrjú stig eftir mikilvægi þeirra. Með bréfi dags. 25. september 2016 óskaði endurskoðunarnefndin eftir viðbrögðum við ábendingum sem fram komu í skýrslunni. Í svari frá skrifstofu borgarritara dags. 16. febrúar 2017 kemur fram að enn er nokkuð í að brugðist hafi verið öllum ábendingum endurskoðenda. Samsvarandi skýrsla hefur verið gefin út í tengslum við endurskoðun ársreiknings 2016 og má þar sjá að töluvert er um endurteknar ábendingar frá fyrra ári. Nefndin leggur áherslu á mikilvægi þess að brugðist sé eins fljótt og kostur er við þeim ábendingum og athugasemdum sem koma frá ytri sem innri endurskoðendum.

### **3.3.3 UM ÓHÆÐI YTRI ENDURSKOÐENDA**

Ytri endurskoðendur lögðu fram skriflega staðfestingu sína á óhæði endurskoðunarfyrirtækisins og einstakra starfsmanna endurskoðunarteymisins við upphaf endurskoðunar sinnar á ársreikningi A-hluta og samstæðuársreikningi borgarinnar fyrir árið 2016.

Í verksamningi um endurskoðunarþjónustu fyrir Reykjavíkurborg var lögð áhersla á að ytri endurskoðendur ársreiknings A-hluta og einstakra eininga innan samstæðu borgarinnar taki ekki að sér aðra þjónustu en endurskoðun án samþykkis endurskoðunarnefndar. Nefndin hefur afgreitt þær beiðnir um viðbótarþjónustu sem fram hafa komið á starfsárinu. Það er sameiginlegur skilningur endurskoðunarnefndarinnar og KPMG sem ytri endurskoðenda að önnur þjónusta sem endurskoðendur hafa veitt hefur ekki raskað óhæði þeirra.

Siðareglur endurskoðenda (sbr. 13. gr. laga nr. 79/2008) gera ráð fyrir að endurskoðendur meti og beri ábyrgð á óhæði sínu gagnvart þeirri einingu sem þeir endurskoða. Hins vegar er krafist aðkomu endurskoðunarnefndar þegar um er að ræða einingu tengda almannahagsmunum (sbr. 19. gr. laga nr. 79/2008 og 108. gr. b. í lögum nr. 3/2006). Ákvæði um samþykki endurskoðunarnefndar um kaup á annarri þjónustu er í verksamningi Reykjavíkurborgar og KPMG. Endurskoðunarnefndin og KPMG urðu ásátt um verklag sem gildir um samþykki nefndarinnar fyrir kaupum á annarri þjónustu.

Það er augljóst að álitamál geta komið upp þegar meta á hvort hætta sé á að verkefni sem ekki fellur undir endurskoðunarþjónustu geti skert óhæði endurskoðenda í reynd eða ásýnd (sbr. 19. gr. laga nr. 79/2008). Nefndin vinnur að gerð minnisblaðs um óhæði



## Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar

endurskoðenda þar sem gerð er grein fyrir því hvernig nefndin telur að meta skuli annars vegar óhæði í reynd og hins vegar óhæði í ásýnd. Minnisblaðið mun taka tillit til reglu Evrópuráðsins nr. 537/2014/EB sem tók gildi á miðju ári 2016 en hefur ekki verið innleidd enn sem komið er í íslensk lög.

### ***Yfirlit um þóknun ytri endurskoðenda***

Endurskoðunarnefndin óskaði eftir yfirliti frá KPMG ehf. um þóknun fyrir þjónustu sem veitt var á reikningsárinu 2016 fyrir endurskoðun og aðra þjónustu.

| Fyrirtæki                                         | Skv. tilboði og viðbótarverkefni tengd endurskoðun | Önnur vinna | Samtals    |
|---------------------------------------------------|----------------------------------------------------|-------------|------------|
| A hluti og samstæðureikningur                     | 14.759.173                                         | 2.955.417   | 17.714.590 |
| Orkuveita Reykjavíkur                             | 20.031.560                                         | 5.603.956   | 25.635.516 |
| Félagsbústaðir hf.                                | 4.757.697                                          | 219.717     | 4.977.414  |
| Faxaflóahafnir sf.                                | 2.074.081                                          | -           | 2.074.081  |
| Malbikunarstöðin Höfði hf.                        | 2.220.201                                          | -           | 2.220.201  |
| Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.               | 3.104.983                                          | 272.425     | 3.377.408  |
| Sorpa bs.                                         | 2.796.387                                          | 3.495.675   | 6.292.062  |
| Strætó bs.                                        | 1.858.501                                          | 300.000     | 2.158.501  |
| Aflvaki hf.                                       | 120.567                                            | -           | 120.567    |
| Jörundur hf.                                      | 241.133                                            | -           | 241.133    |
| Samtals skv. tilboði og öll viðbótarverk/aukaverk | 51.964.282                                         | 12.847.190  | 64.811.472 |

### ***Val á ytri endurskoðendum***

Eitt af hlutverkum endurskoðunarnefndar er að gera tillögu til borgarstjórnar um val á ytri endurskoðendum.

Verksamningur milli Reykjavíkurborgar og endurskoðunarfyrirtækisins KPMG ehf. rennur út í árslok 2017. Endurskoðunarnefndin vakti athygli á því með sérstakri bókun á fundi sínum 13. mars sl. að borgarráð og aðrir aðilar að verksamningnum þurfi að ákveða hvort efna eigi til sameiginlegs útboðs að nýju fyrir þessar einingar.

## 4. UM ÁRSREIKNING REYKJAVÍKURBORGAR 2016

### 4.1. VINNUFERLI VIÐ GERÐ REIKNINGSSKILA

Samkvæmt 4. gr. samþykktar endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar ber nefndinni að fara yfir fjárhagslegar upplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum. Nefndin lítur svo á að hér sé um að ræða eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila sem ætlað er að tryggja sem best áreiðanleika hvers konar fjárhagsupplýsinga sem lagðar eru fyrir borgarráð og stjórnir félaga innan samstæðu borgarinnar.

Endurskoðunarnefnd óskaði eftir því við Innri endurskoðun að framkvæma úttekt á uppgjörsferli A hluta Reykjavíkurborgar og samstæðunnar. Niðurstöður úttektar lágu fyrir vorið 2014. Fjármálaskrifstofa setti fram áætlun um aðgerðir til að bregðast við ábendingum Innri endurskoðunar sem átti að vera lokið í lok árs 2014. Innri endurskoðun gerði eftirfylgniskoðun á framgangi aðgerðaáætlunar fjármálaskrifstofu og lagði niðurstöður sínar fyrir endurskoðunarnefnd í apríl 2015. Þá var staðan sú að tólf ábendingar voru enn í vinnslu og þrjár höfðu ekki fengið fullnægjandi viðbrögð. Haustið 2016 var að beiðni endurskoðunarnefndar enn kannað hver staða úrbóta væri. Niðurstaðan var að enn er vinna í gangi á fjármálaskrifstofu við að bregðast við ábendingum þó margt hafi áunnist. Að mati endurskoðunarnefndar þyrftu viðbrögð við ábendingum að vera hraðari.

### 4.2. UMSÖGN UM ÁRSREIKNING

Endurskoðunarnefndin fékk kynningu fjármálaskrifstofu á ársreikningi Reykjavíkurborgar 2016 á fundi nefndarinnar þann 3. apríl sl. Í framhaldi af því sendi nefndin umsögn til borgarráðs þar sem fram kemur að á grundvelli fenginna upplýsinga telji nefndin ekkert benda til annars en að ársreikningurinn sé fullgerður og tilbúinn til endurskoðunar í samræmi við 3. mgr. 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Fulltrúar endurskoðunarnefndar áttu sérstaka fundi með stjórnendum og ytri endurskoðendum allra B-hluta félaga innan samstæðu borgarinnar vegna ársreiknings fyrir árið 2015. Nefndin fór yfir endurskoðunarskýrslur og ársreikninga allra félaganna og skilaði sérstakri skýrslu eða bréfflegri umsögn um störf sín á liðnu starfsári til stjórna þeirra.

Gerð ársreiknings hjá bæði Reykjavíkurborg og B-hluta félögum gekk vel fyrir sig, þrátt fyrir að reikningarnir væru fyrr á ferðinni í ár en í fyrra, og er sérstök ástæða til þess að hæla starfsmönnum fyrir það.

Við viljum sérstaklega benda á tvo reiknaða liði í ársreikningnum, sem hreyfast mikið vegna breytinga á ytri aðstæðum. Annars vegar er það gífurlegur viðsnúningur fjármagnsgjalda sem námu árið 2015 13,2 milljörðum króna en árið 2016 er um tekjufærslu að ræða að fjárhæð 0,8 milljörðum króna. Þennan mun má einkum rekja til gangvirðisbreytinga innbyggðra afleiða í raforkusamningum Orkuveitunnar

sem horfa til breytinga vegna væntra framtíðartekna í tengslum við stóra orkusamninga sem sveiflast með gengi, vöxtum og væntingum um álvæðing í framtíðinni. Hins vegar þykir nefndinni vert að benda á mikla matsbreytingu á fjárfestingaeignum Félagsbústaða (húsnæði í útleigu) sem nam 10,9 milljörðum króna og má rekja til hækkunar á fasteignamati fasteigna félagsins.


## 5. VIÐHORFSKÖNNUN

Nefndin hefur árlega framkvæmt sjálfsmat í samræmi við leiðbeinandi reglur um störf endurskoðunarnefnda. Hluti af því sjálfsmati er að óska eftir viðhorfskönnun með spurningum sem lagðar eru fyrir hagsmunaaðila, þ.e. borgarstjórn og æðstu embættismenn borgarinnar. Í ár var könnunin jafnframt lögð fyrir innri endurskoðendur Orkuveitunnar sef. og byggðasamlaganna SORPU bs. og Strætó bs. og stjórnarformenn og framkvæmdastjóra allra B hluta félaganna.

Með viðhorfskönnuninni var leitað eftir upplýsingum um það hvort svarendur þekktu og bæru traust til endurskoðunarnefndar, væru ánægðir eða óánægðir með störf hennar og hvort þeir teldu að framsetning og gæði fjárhagslegra upplýsinga væru fullnægjandi og bærust tímanlega. Jafnframt var óskað eftir ábendingum sem svarendur vildu koma á framfæri við nefndina.

Viðhorfskönnunin beindist að 46 manns sem nefndin hefur mest samskipti við sem fyrr segir og var svarhlutfallið 65% en til samanburðar var á síðasta ári fjöldinn 41 og svarhlutfallið 44%. Niðurstöðurnar sýna að um 97% hagsmunaaðila eru mjög sammála eða sammála þeirri fullyrðingu að þeir þekki vel til hlutverks nefndarinnar. Þá er 87% hagsmunaaðila mjög sammála eða sammála fullyrðingunni um að þeir treysti faglegri vinnu nefndarinnar. Nokkuð lægra hlutfall hagsmunaaðila, eða 60%, er mjög sammála eða sammála því að þeir reiði sig á störf nefndarinnar. 27% svarar þeirri fullyrðingu með hvorki né og 70% hagsmunaaðila telja sig sammála eða mjög sammála þeirri fullyrðingu að þeir fái nægar upplýsingar um störf nefndarinnar. 63% hagsmunaaðila telja síðustu ársskýrslu nefndarinnar hafa verið setta fram á skýran og skilmerkilegan hátt en einungis 63% eru sammála eða mjög sammála því að upplýsingar í ársskýrslunni séu gagnlegar.

Hlutfall svarenda sem lét í ljós ánægju með störf nefndarinnar var 73%.



Niðurstöður skoðanakönnunar meðal hagsmunaaðila gefa til kynna að nefndin þurfi að gæta að upplýsingagjöf og framsetningu efnis sem hún lætur frá sér.

## 6. ÖNNUR MÁL

### 6.1. ÚTBOÐ ENDURSKOÐUNARÞJÓNUSTU

Efnt var til útboðs á endurskoðunarþjónustu fyrir Reykjavíkurborg á árinu 2013. Útboðið náði til endurskoðunar ársreiknings A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar í samræmi við 72. og 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og endurskoðunar ársreikninga þeirra B-hluta félaga sem Reykjavíkurborg á 50% eignarhlut í eða meira.

Á grundvelli þeirra tilboða sem bárust var gengið til samninga við endurskoðunarfyrirtækið KPMG ehf. um endurskoðun þeirra ársreikninga sem útboðið tók til og könnunar tiltekinna árshlutareikninga eins og fram kemur í verksamningi aðila. Verksamningurinn, sem undirritaður var 21. janúar 2014, nær til endurskoðunarþjónustu fram til loka ársins 2017. Með bókun á fundi endurskoðunarnefndar 13. mars sl. var vakin athygli borgarráðs og stjórnna dótturfélaga innan samstæðu Reykjavíkurborgar á nauðsyn þess að tekin verði ákvörðun um hvort efnt verði til útboðs að nýju.

### 6.2. STJÓRNARHÁTTAYFIRLÝSING

Í 66. gr. c í lögum um ársreikninga nr. 3/2006, sbr. lög nr. 73/2006 og lög nr. 118/2011, er kveðið á um stjórnarháttayfirlýsingu í ársreikningi lögaðila sem eru með verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði. Reykjavíkurborg hefur gefið út skuldabréf sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði og tekur skyldan því til borgarinnar.

Lögin kveða á um lágmarksinnihald slíkrar yfirlýsingar, m.a. að vísa skuli í þær reglur og leiðbeiningar, handbækur o.fl. um stjórnarhætti sem lögaðilinn fylgir eða fylgja ber skv. lögum. Þá beri að gera grein fyrir frávikum frá fylgni við slíkar reglur eða leiðbeiningar og ástæður frávíks. Þá ber einnig að gera grein fyrir helstu þáttum í innra eftirliti og áhættustýringakerfum, fjölbreytileika í tengslum við stjórn, framkvæmdastjórn og eftirlitsstjórn og helstu niðurstöður skýrslutímabils.

Á Íslandi hafa verið gefnar út leiðbeiningar um góða stjórnarhætti á vegum Viðskiptaráðs. Ekki er að finna aðrar almennar leiðbeiningar í þeim efnum innanlands. Í sveitarstjórnarlögum er einnig að finna skyldur hvað varðar stjórnarhætti sem Reykjavíkurborg ber að fylgja. Í

## Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar

núverandi stjórnarháttayfirlýsingu í ársreikningi er fjallað um skyldur skv. sveitarstjórnarlögum, en ekki er vísað til leiðbeininga um góða stjórnarhætti sem gefnir hafa verið út af hálfu Viðskiptaráðs, með aðkomu Kauphallar. Þá er ekki fjallað um innra eftirlitskerfi borgarinnar og áhættustýringu í núverandi stjórnarháttayfirlýsingu. Tilfni er til að skoða þessa þætti nánar, tryggja að innleiðing góðra stjórnarháttanna hafi verið sem skyldi hjá Reykjavíkurborg, að stjórnarháttayfirlýsing endurspegli það og að gerð sé úttekt á stjórnarháttum.

## 7. NIÐURLAG

Með skýrslu þessari hefur endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar gert grein fyrir störfum sínum á liðnu starfsári og lagt fram ábendingar sem hún telur mikilvægt að fái umfjöllun á vettvangi borgarráðs eða verði vísað til annarra aðila innan stjórnsýslu borgarinnar eftir því sem við á.

Skýrslan er lögð fram á fundi borgarráðs þann 27. apríl 2017.

### Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar

  
Ólafur Kristinnsson, formaður

  
Inga Björg Hjaltadóttir

  
Ingvar Garðarsson

  
Sunna Jóhannsdóttir